

Fundargerð 16. fundar, 20. apríl 2016

Fundarmenn: Hörður Helgi Helgason (formaður), Þróstur Ingi Gylfason, Elfa Ýr Gylfadóttir, Elísabet Pétursdóttir (ritari).

Fundargerð:

1. Þróstur gerði grein fyrir stöðu minnisblaðs um innri uppljóstrun í stjórnsýslunni, um mögulegt tilefni og markmið lagasetningar, sem kynnt var á síðasta fundi. Umræður.

- Elfa Ýr benti á sænsku leiðina þar sem ef ráðherra ákveður að reyna að komast að því hver hafi ljóstrað upp þá hafi það afleiðingar fyrir viðkomandi ráðherra og teljist sjálfstætt mál.
- Hörður Helgi spurði hvort Þróstur Freyr væri reiðubúinn að gera tillögur um verkefni/aðgerðir út frá umfjöllun hópsins um efni minnisblaðsins. Þróstur samþykkti þessa uppástungu Harðar Helga.

2. Til stóð á fundinum að fara lokayfirferð yfir frumvarp Páls Þórhallsonar um afnám refsinga við meiðyrðum en PP forfallaðist.

3. Hörður Helgi ræddi um fjármögnun frumvarps til laga um ærumeiðingar. Fyrirspurn verður beint til innanríkisráðuneytis um fjármögnun vegna frumvarps.

Önnur mál sem verða afgreidd frá stýrihópnum:

- Samskiptavernd og vernd milliliða. Nokkrir lausir endar eru í þeim verkefnum. HHH tekur að sér að hnýta þá og leggja fullbúin drög fyrir stýrihópinn.